

RITSTJÓRN

FYRIRMYNDIR Í NÁMI FULLORÐINNA

Fyrirmyndir í námi fullorðinna er viðurkenning sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, FA, hefur veitt árlega frá árinu 2009. Viðurkenningin er veitt til þeirra sem hafa skarað fram úr og sýnt góðan námsárangur, frumkvæði og kjark við að yfirstíga ýmsar hindranir eins og læsis- eða námsvanda. Fyrirmyndirnar eru valdar úr hópi tilnefninga frá samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvarinnar. Framtíðin í framhaldsfræðslu var yfirskrift ársfundar FA árið 2015. Fundurinn var haldinn á Grand hóteli þann 30. nóvember að viðstöddu fjölmenni. Þar var tveim einstaklingum veitt viðurkenningin, þeim Dragan Pavlica frá Símei og Kristjáni Jónssyni frá ÍÐUNNI fræðslusetri. Þá var í fyrsta skipti jafnframt veitt viðurkenning til hóps, og hlaut viðurkenninguna starfsfólk FISK Seafood, sem stundað hefur nám í fisktækni hjá Farskólanum á Norðurlandi vestra. Þetta árið eiga allir verðlaunahafarnir það sameiginlegt að hafa sótt sér frekari menntun í kjölfar raunfærnimats.



Dragan Pavlica ásamt Erlu Björgu Guðmundsdóttur, þáverandi framkvæmdastjóra SÍMEY.



Kristján Jónsson ásamt Sonju dóttur sinni og Ernu G. Arnardóttur, náms- og starfsráðgjafa hjá ÍÐUNNI fræðslusetri.

Dragan Pavlica er frá Króatíu og kom til Íslands árið 2003 sem flóttamaður. Hann settist að á Akureyri og fékk starf hjá málameistara en hann hafði áður unnið við að mála í flóttamannabúðum í Serbíu. Eftir hvatningu frá atvinnuveitenda sínum fór Dragan í raunfærnimat í málaraíðn hjá Símei árið 2008. Honum gekk vel í matinu og kláraði í framhaldinu nám í bóklegum greinum í Námi og þjálfun hjá Símei. Eftir að hafa lokið bóklegu greinunum og bætt sig í íslensku fór Dragan í Verkmennaskólann á Akureyri til þess að ljúka þeim faggreinum sem vantaði upp á eftir raunfærnimatið. Þaðan lauk hann sveinsprófi árið 2011 og er í Meistaraskólanum í dag samhliða vinnu sinni sem húsvörður í Verkmennaskólanum á Akureyri.

Kristján Jónsson hóf nám í málaraíðn í lðnskólanum eftir að hafa lokið grunnskóla. Hann hætti þó strax eftir fyrstu önnina og dróst í óreglu, fyrst í áfengisneyslu og síðar í harðari efni. Árið 2010 fór Kristján í áfengis meðferð og að henni lokinni í *Grettistak* sem er samstarfsverkefni Tryggingastofnunar og Reykjavíkurborgar, þar sem markmiðið er að gefa þeim sem átt hafa við langvarandi og alvarlegan vímuefnavanda tækifæri til endurhæfingar eftir meðferð. Næsti áningarstaður var Hringrás en þar segist Kristján hafa komist að því að hann gat vel lært. Einn daginn rakst hann svo á auglýsingu um raunfærnimat í málaraíðn hjá ÍÐUNNI. Hann sló til, þar sem hann hafði unnið nokkuð við að mála. Í matinu kom í ljós að hann hafði mikla þekkingu í faginu. Hann fór í kjölfarið í Tækniskólann og lauk þaðan sveinsprófi í málaraíðn. Kristján hafði snúið lífi sínu við, snúið baki við óreglunni, lokið



Hópur fisktækna frá FISK Seafood við útskrift í maí ásamt aðstandendum námsins.

formlegu námi og var kominn í fasta vinnu. Kristján mætti til verðlaunaafhendingarinnar ásamt dóttur sinni sem segist vera mjög stolt af pabba sínum.

Hópur starfsfólks hjá FISK Seafood lauk raunfærnimati í fisktækni haustið 2014 eftir heimsókn svokallaðs fræðsluerindreka í tengslum við verkefnið Menntun núna í Norðvesturkjördæmi. 17 einstaklingar luku matinu og þrátt fyrir að nokkrir einstaklingar innan hópsins hafi átt í nokkrum

námsvanda fóru allir í áframhaldandi nám í fisktækni til að ljúka því sem upp á vantaði eftir raunfærnimatið. Hópnum hefur gengið vel í náminu, góður andi ríkir innan hópsins og leiðbeinendur hafa hrósað þátttakendunum fyrir jákvæðni og dugnað. Þann 28. maí síðastliðinn útskrifuðust svo 18 fisktæknar frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Fisktækninámið stóð yfir í tvö skólaár og var samstarfsverkefni Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra, Fjölbautaskólans, Fisktækniskólans og FISK Seafood hf.